

## TILSKIPUN RÁÐSINS 2006/107/EB

2010/EES/32/05

frá 20. nóvember 2006

um aðlögun á tilskipun 89/108/EBE um hraðfrost matvæli og á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla, vegna aðildar Búlgaríu og Rúmeníu (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af aðildarsáttmála Búlgaríu og Rúmeníu<sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af lögum um aðild Búlgaríu og Rúmeníu, einkum 56. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 56. gr. aðildarlaganna er kveðið á um að ef nauðsynlegt er vegna aðildarinnar að aðlaga gerðir stofnananna, sem gilda fram yfir 1. janúar 2007, og ekki er kveðið á um nauðsynlega aðlögun í aðildarlögunum eða í viðaukunum við þau skuli ráðið samþykkja nauðsynlegar gerðir nema framkvæmdastjórnin hafi samþykkt upphaflegu gerðina.
- 2) Í lokagerð ráðstefnunnar, þar sem aðildarsáttmálinn var saminn, er tilgreint að hinir háu samningsaðilar hafi náð pólitísku samkomulagi um röð aðlagana á gerðum stofnananna, sem eru nauðsynlegar vegna aðildarinnar, og í henni eru ráðið og framkvæmdastjórnin hvött til að samþykkja aðlaganirnar áður en til aðildar kemur og þær fullgerðar og uppfærðar, ef þörf krefur, með tilliti til þróunar á lögum Sambandsins.
- 3) Því ber að breyta tilskipun ráðsins 89/108/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu aðildarríkjanna varðandi hraðfrost matvæli<sup>(2)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipunum 89/108/EBE og 2000/13/EB skal breytt í samræmi við viðaukann.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en frá þeim degi sem aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu öðlast gildi. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi með fyrirvara um aðildarsáttmála Búlgaríu og Rúmeníu og á gildistökudegi hans.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2006

Fyrir hönd ráðsins,

J. KORKEAOJA

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 411. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2007 frá 26. október 2007 um breytingu á ýmsum viðaukum og bókunum við EES-samninginn við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 10.4.2008, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 157, 21.6.2005, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 34.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

## VIDAUKI

## FRJÁLSIR VÖRUFLOTNINGAR

## MATVÆLI

1. 31989 L 0108: Tilskipun ráðsins 89/108/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hraðfryst matvæli (Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 34), eins og henni var breytt með:

- 11994 N: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21),
- 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu, (Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
- 32003 R 1882: reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

Eftirfarandi bætist við a-lið 1. mgr. 8. gr.:

„— á búlgörsku: бързо замразена,

— á rúmensku: congelare rapidă.“

2. 32000 L 0013: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla (Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29), eins og henni var breytt með:

- 32001 L 0101: tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/101/EB frá 26. nóvember 2001 (Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 19),
- 12003 T: lögum um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálunum — aðild Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu (Stjtið. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 33),
- 32003 L 0089: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 89/2003 (Stjtið. ESB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

a) Í stað skrárinnar sem hefst á „á spænsku“ og endar á „joniserande strålning“ í 3. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi skrá:

— „á búlgörsku:

„облъчено“ eða „обработено с йонизиращо лъчение“,

— á spænsku:

„irradiado“ eða „tratado con radiación ionizante“,

— á tékknesku:

„ozářeno“ eða „ošetřeno ionizujícím zářením“,

— á dönsku:

„bestrålet/...“ eða „strålekonserveret“ eða „behandlet med ioniserende stråling“ eða „konserveret med ioniserende stråling“,

— á þýsku:

„bestrahlt“ eða „mit ionisierenden Strahlen behandelt“,

— á eistnesku:

„kiiritatud“ eða „töödeldud ioniseeriva kiirgusega“,

— á grísku:

„επεξεργασμένο με ιονίζουσα ακτινοβολία“ eða „κτινοβολημένο“,

— á ensku:

„irradiated“ eða „treated with ionising radiation“,

— á frönsku:

„traité par rayonnements ionisants“ eða „traité par ionisation“,

— á ítölsku:

„irradiato“ eða „trattato con radiazioni ionizzanti“,

- á lettnesku:  
„apstarots“ eða „apstrādāts ar jonizējošo starojumu“,
  - á litháísku:  
„apšvitinta“ eða „apdorota jonizuojančiąja spinduliuote“,
  - á ungversku:  
„sugárkezelt vagy ionizáló energiával kezelt“,
  - á maltnesku:  
„ittrattat bir-radjazzjoni“ eða „ittrattat b' radjazzjoni jonizzanti“,
  - á hollensku:  
„doorstraald“ eða „door bestraling behandeld“ eða „met ioniserende stralen behandeld“,
  - á pólsku:  
„napromieniony“ eða „poddany działaniu promieniowania jonizującego“,
  - á portúgölsku:  
„irradiado“ eða „tratado por irradiação“ eða „tratado por radiação ionizante“,
  - á rúmensku:  
„iradiate“ eða „tratate cu radiații ionizate“,
  - á slóvakísku:  
„ošetrené ionizujúcim žiarením“,
  - á slóvensku:  
„obsevano“ eða „obdelano z ionizirajočim sevanjem“,
  - á finnsku:  
„säteilytetty“ eða „käsitelty ionisoivalla säteilyllä“,
  - á sænsku:  
„bestrålad“ eða „behandlad med joniserande strålning“.
- b) Í stað skrárinnar, sem hefst með „á spænsku“ og endar á „sista förbrukningsdag“ í 2. mgr. 10. gr., komi eftirfarandi skrá:
- á búlgörsku: „използвай преди“,
  - á spænsku: „fecha de caducidad“,
  - á tékknesku: „spotřebujte do“,
  - á dönsku: „sidste anvendelsesdato“,
  - á þýsku: „verbrauchen bis“,
  - á eistnesku: „kõlblik kuni“,
  - á grísku: „ανάλωση μέχρι“,
  - á ensku: „use by“,
  - á frönsku: „à consommer jusqu'au“,
  - á ítölsku: „da consumare entro“,
  - á lettnesku: „izlietot līdz“,
  - á litháísku: „tinka vartoti iki“,
  - á ungversku: „fogyasztható“,
  - á maltnesku: „uża sa“,
  - á hollensku: „te gebruiken tot“,
  - á pólsku: „należy spożyć do“,
  - á portúgölsku: „a consumir até“,
  - á rúmensku: „expiră la data de“,
  - á slóvakísku: „spotrebujte do“,
  - á slóvensku: „porabiti do“,
  - á finnsku: „viimeinen käyttöajankohta“,
  - á sænsku: „sista förbrukningsdag“.
-